

Nd.

457. Frumvarp

til laga um húsnæði í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

Með reglugerðinni má óheimila að leigja íbúðir eða einstök herbergi í bænum, án leyfis þar til settrar nefndar, öðrum en þeim, sem löglega dvöl hafa átt í bænum næsta ár á undan eða verið fluttir til bæjarins áður en reglugerðin öðlaðist gildi.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200–2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjött og húið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsa-leigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.